10. Runki í Rauðhólum ræðir um málhreinsun og blótsyrði.

---

2 blöð qto.

## Enn er Kenki í Rauðhólum á ferðinni

Scrutator segir, að blótsyrðin séu meinlaus húsdýr og geðþekk styrkur, að klámyrðin séu hið sama, sem heiti guðlegrar þrenningar, með þessum orðum: „Klámyrði eða heiti guðlegrar þrenningar" og bendir oss á, að hafa þau eigi í hversdagsmálum heldur fari varlega með þau, „nema þegar þeim fylgir full meining og þá á að segja þau skýrt og skorinort." Hver eigi að ákveða hver eigi að hvenær þetta eigi við, nefnir hann ekki. Hallgrímur Pétursson mundi telja þetta „þarfa-tjal og mælgi", m.ö.o. ábyrgðarlaust fleipur og gerir 125. gr. hegningarlaganna ráð fyrir því, að ef menn fremji guðlast, megi hegna þeim fyrir það, eða hvað er guðlast, ef ekki þetta? Vitanlega tekur útvarpið þetta bergmál frá öðrum veggjum útvarpssalanna og málfræðingur var samþykkti það í öllum greinum, enda lagði hann út af því, og skilgreindi það rækilega fyrir börnum og unglingum landsins, sem eigi munu enn hafa lokið H fullnaðarprófi ~~iðfræ~~ í fagurfræðum þessum í skóla sínum; þau eigi að smjatta á þeim og velta þeim í munni sér eins og tyggigúmmí væri. Gelur við húsdýr þessi enn að vera til meðal annarra þjóða: Englendingar nefna „hann gamla" (forystusauðinn) the Old Gentleman, Svíar kalla hann Jävel, Frakkar l'enfer og tyrbýli hans Infernal, Danir segja, Fa'en gale mig (og eru þeir þó orðnir uppvísir [illegible]), Þjóðverjar nefna það Henkel (verður seinni lega Hitler) o.s.frv. — Allt er okkur þetta kunnugt hebreska, heima í Hólmunum. Vér höfum svo lítillar fræðslu notið í þessum efnum, en nú höfum vér útvarpið, lesbókina þess og útvarpssögurnar. En hvað er þessi Scrutator að breiða yfir" með ~~[illegible]~~ persónu sinni? Væri, hér frá ernum svo siðaðir menn, að vér höfum skömm á öllu „þarfa-tjali og mælgi", guðlasti og gálausu máli

Málhreinsunin er á góðum vegi yfir í rétta átt. Kemur það fram hjá Skrutator 4. maí þ. árs, er hann gerir gælur við blótsyrðin og klámið, enda skildist mér þá, að málhreinsunarinn oftar lagði blessun sína yfir það í útvarpinu og auðsýndi það fylliloga í öllum greinum". Nema hvað? Í sjálfum útvarpssalnum, þar sem veggir hans bergmála fagurfræði þessa, og annað þvílíkt, svo að börn og unglingar hafi hennar hin bestu not.

En þótt erlendar þjóðir geri gælur við hin „meinbannsettu dýr" sín, blótsyrðin, höfum vér, Rauðhyltingar, eigi heyrt það fyrri, að „Klámyrði sé hið sama sem heiti guðlegrar framningar", sem Skrutator segir: „Klámyrði eða heiti guðlegra framninga" — þá tala allar siðaðar þjóðir tæpitungu sinni um þvílík orð og hafa hina mestu skömm á þeim. Englendingar nefna þetta „húsdýr" sitt The Old Gentleman, Svíar nefna það Jevel, Frakkar L'enfer eða Infernal, Danir segja Fa'en gale mig (og eru þó nógu vitlausir áður) og Þjóðverjar nefna það Henkel (mætti að vera Hitler?) o.s.frv. Ritningin nefnir bústað „dýrs" þessara Hinnomsdal og Forarvaranna Hel. Hvernig stendur nú á því, að Íslendingar skuli hafa vanrækt það svo mjög um margar aldir, að kenna börnum sínum að nota svona fallegt orð um annan eins „nytjadýr" sem „hinn gamli" er, með öllu sínu hyski?

Skrutator ætlast til þess, að börnin og unglingarnir venjist á þau og auðgi þau á meðan sér, „meina þegar þeim fylgir full meining og þó: að segja þau stórt og skorinorð". Þótt það sé nú Bensi gamli í Rauðhólunum, sem taki til máls um þetta, getur hann sagt herra Skrutatori, að hví er ábyrgðarlaust hans og gálaus svo mikið, að þessi orð hans em guðlast. Eða veit hann ekki að blótsyrði og bannfæringar, töluð „stýft og skorinort", hafa ósegjanlega ábyrgð í sér fólgin fyrir þann, sem lætur þau úti: Biblían getur víða um afleiðingar og hafa valdið miklu tjóni. Veit hann ekki, þótt mikill sé, getur betur tungu sinnar og
350. og hvin dæi Vill hann ekki lesa 358. sálminn í sálmabókinni eða viðvörunarorð Hallgríms Péturssonar? Því Matthíasi og Hallgrími verður hann aldrei fremri, þótt fallegustu orð hafi hann valið sér til þess að „breiða yfir" — eitthvað ógeðslegt og ljótt, eins og þessi „skrif" hans bera með sér.

Amálfur í Rauðhólum.

---

Leturbreytingin er eftir mig
Amálfur.